

**Sumartónleikar
í
Listasafni Sigurjóns Ólafssonar**

**Christopher Czaja Sager
píanóleikari**

Kaffistofa safnsins er opin að tónleikum loknum
The cafeteria is open after the concert

Priðjudaginn 4. júlí 2000 kl. 20:30

Christopher Czaja Sager, sem er af enskum og pólskum ættum, er fæddur í New York. Hann hóf nám í píánóleik hjá Frances Moyer Kuhns, sem hafði verið nemandi hjá hinum frægu píánóleikurum Cortot og Matthay. Framhaldsnám stundaði hann meðal annars hjá Emil Danenberg, sem var aðstoðarmaður Arnolds Schönbergs. Ungur vann Christopher Czaja Sager til fjölda verðlauna og hlaut meðal annars styrk, kenndan við Van Cliburn, til að stunda nám við Juilliard tónlistarháskólann.

Eftir vel heppnaða tónleika í Lincoln Centre í New York fluttist Christopher til Vínarborgar en þar tók hann meðal annars þátt í námskeiðum hjá Paul Badura-Skoda, Alfred Brendel og Jörg Demus, sem leiddi til þess að hann hlaut styrki til að vinna að list sinni og vera í framhaldsnámi.

Christopher hefur hlotið mikið lof gagnrýnenda bæði í Evrópu og í Bandaríkjunum. Virtur þýskur gagnrýnandi, Gottfried Eberle, komst þannig að orði í *Der Tagesspiegel*: „Hinn óvenju efnilegi píánóleikari Christopher Czaja Sager, sem kemur frá Bandaríkjunum, hlaut menntun sína þar samkvæmt bestu tónlistarhefðum, og hjá honum sameinast öll þau verðgildi sem eru orðin sjaldgæf hjá hans kynslóð: fullkomin tækni sem eðlileg undirstaða fyrir leik hans, en umfram allt, frjóar hugmyndir um hið ljóðræna og það sem er sérkenni klassísku píánóverkanna frá 19. öld. Það þýðir að túlkun hans hefur margar víddir og að í leik sínum ræður hann yfir ótrúlegum sveigjanleika sem leyfir tónlistinni að lifa og anda í stórum línum.“

Hann hefur leikið einleik undir stjórn þekktra stjórnenda, til dæmis James Levin, Leif Segerstam og Dirk Vermeulen og hann hefur haldið einsleikstónleika í öllum helstu borgum Evrópu og Bandaríkjanna. Á síðari árum hefur hann lagt sérstaka rækt við píánóverk J.S. Bach og upptökur hans á heildarútgáfum eins og *Die Klavierübung* komu út 1985 og hafa verið kynntar um alla Evrópu.

Í tilefni þess að 250 ár eru liðin frá því J.S. Bach lést hefur Christopher Sager tekið þátt í Bach-hátíðum víða á meginlandi Evrópu, nú síðast í Bukarest og í Enkhuizen í Hollandi.

Efnisskrá

J. S. Bach
1685-1750

Úr *Klavierübung* I
Partita I BWV 825 í B dúr

Praeludium
Allemande
Corrente
Sarabande
Menuet I
Menuet II
Gigue

Partita II BWV 826 í c moll
Sinfonia; grave adagio-andante-allegro
Allemande
Courante
Sarabande
Rondeaux
Capriccio

Partita III BWV 827 í a moll
Fantasia
Allemande
Corrente
Sarabande
Burlesca
Scherzo
Gigue